

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2023

frá 5. júlí 2023

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/720 frá 10. maí 2022 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, féll úr gildi 31. maí 2022 og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 3) XIV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 2. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010) í XIV. viðauka við EES-samninginn:

„**32022 R 0720**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/720 frá 10. maí 2022 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 4).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 6. gr., er orðunum „eða samsvarandi ákvæðum 1. mgr. 29. gr. II. kafla II. hluta bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ bætt við á eftir orðunum „skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.
- b) Í 2. mgr. 6. gr., er orðunum „eða samsvarandi ákvæði 2. mgr. 29. gr. II. kafla II. hluta bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1.

eftirlitsstofnunar og dómstóls“ bætt við á eftir orðunum „ 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.

c) Eftirfarandi bætist við í lok 7. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið með tilmælum að þar sem samhliða net svipaðra lóðréttra samninga ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem varða þann markað.

Tilmæli skv. 1. mgr. skulu beinast til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda þann markað sem um ræðir. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Innan þriggja mánaða frá útgáfu tilmæla skv. 1. mgr., skulu öll EFTA-ríkin sem eru viðtakendur tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um það hvort þau samþykki tilmælin. Ef þriggja mánaða frestur líður án þess að svar hafi borist, ber að skilja það sem svo að EFTA-ríkið samþykki tilmælin með því að svara ekki í tæka tíð.

Ef EFTA-ríki sem er viðtakandi tilmælanna annað hvort samþykkir tilmælin eða svarar þeim ekki í tæka tíð, þá ber því lagaleg skylda samkvæmt samningnum til að innleiða tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki sem er viðtakandi tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA innan þriggja mánaða frestsins að það samþykki ekki tilmælin ber Eftirlitsstofnun EFTA að tilkynna framkvæmdastjórninni um það svar. Ef framkvæmdastjórnin er ekki sammála afstöðu hlutaðeigandi EFTA-ríkis, skal 2. mgr. 92. gr. samningsins gilda.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og hafa samráð hvor við aðra um beitingu þessa ákvæðis.

Þar sem samhliða net svipaðra lóðréttra samninga ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði á yfirráðasvæði EES-samningsins, geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samstarf með það að markmiði að samþykkja aðskildar ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og tilhlýðileika þess að samþykkja ráðstöfun í samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæmdastjórnin innleiða reglugerð sem beint er til aðildarríkja Evrópubandalaganna og Eftirlitsstofnunar EFTA með tilmælum með samsvarandi innihaldi til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda þann markað sem um ræðir.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/720, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*). Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2022.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.